

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR


í Seltjarnarneskirkju
laugardaginn 15. október 2022
kl. 16:00



Arvo Pärt



Edda Björk Jónsdóttir



Joseph Haydn

Stjórnandi: Oliver Kentish
Einsöngur: Ragnheiður Petra Óladóttir og Ólafur Freyr Birkisson

Aðgangur er ókeypis,
en gestum er heimilt að styðja við starf hljómsveitarinnar
með frjálsum framlögum inn á reikning 0137 05 18182.
Eða bara í hattinn við innganginn.

Efnisskrá:

Arvo Pärt: „Fratres“ fyrir strengi og slagverk

Edda Björk Jónsdóttir: Margt er það í steininum (frumflutningur)

Joseph Haydn: Sinfónía nr. 49 í f-moll, „La Passione“

Adagio

Allegro di molto

Minuet – Trio

Finale. Presto

UM EFNISKRÁNA



Arvo Pärt (f. 1935) frá Eistlandi er meðal best þekktu núlifandi tónskálda. Hann er stundum kenndur við mínímalisma og oft nefndur í sömu andrá og Gorecki og John Taverner sem einn helsti upphafsmaður þeirrar tónlistarstefnu. Tónlistin er hrein og bein, einfaldar laglínur eru notaðar, oft með skírskotun til gamallar tónlistar, og hraðabreytingar eru litlar. Pärt hefur notið fádæma vinsælda, til dæmis hefur tónlist hans verið notuð í meira en 50 kvikmyndum, sumum vel þekktum. „Fratres“ er meðal best þekktu verka hans og ber mjög

glögg einkenni mínímalismans. Fratres er latína og þýðir bræður, líklega með tilvísun í fornan munkasöng. Verkið var samið 1977 í þeirri útgáfu sem hér heyrir. En vinsældir þess urðu fljótt til þess að það var útsett og endursamið í mörgum mismunandi útgáfum, til dæmis fyrir strengjakvartett, fiðlu og píanó, selló og píanó, 8 selló, blásaraoktett og slagverk. Fratres er samsett úr 9 tilbrigðum um einfalt stef sem er hliðrað, snúið og vent á ýmsa vegu. Jafnvel gamli Jóhann Sebastian hefði orðið hissa á hugmyndaauðginni hér. Undir drynur liggjandi fimmund í bassahljóðfærum sem í upphafi gefur þá tilfinningu

að verkið sé í ákveðinni tóntegund. Þegar líður á verkið verða þó málin blandin mjög og á tímabili virðist það vera í tveimur, jafnvel þremur tóntegundum samtímis. Milli tilbrigðanna gefur slagverkið taktinn.



Edda Björk Jónsdóttir er fædd í Reykjavík 1987. Hún lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 2007 og BA í þroskaþjálfrafræðum frá Háskóla Íslands 2014. Edda Björk hóf tónlistarnám einungis 6 ára að aldri við Tónlistarskólann í Kópavogi. Þar lærði hún á þverflautu og spilaði auk þess með Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar í mörg ár. Árið

2007 hóf Edda Björk söngnám og lauk burtfararprófi frá Söngskóla Sigurðar Demetz árið 2015. Edda hefur mikla reynslu af kórastarfi og starfar meðal annars sem útsetjari fyrir hina ýmsu kóra og sönghópa. Árið 2017 hóf Edda nám við Listaháskóla Íslands, fyrst í Skapandi tónlistarmiðlun, en skipti síðar yfir í Hljóðfæratónsmíðar. Verkið „Margt er það í steininum“ er hluti af lokaverkefni hennar til BA gráðu frá skólanum.

Margt er það í steininum er verk fyrir símfóníuhljómsveit og tvo söngvara. Verkið er unnið út frá samnefndu ljóði eftir ljóðskáldið Ólínu Andrésdóttur (1858-1935) sem fjallar um stúlku sem fer inn í álfastein. Þar hittir hún fyrir huldumann sem syngur henni ástarljóð, en þegar líður á ljóðið kemur í ljós að huldumaðurinn hefur í raun allt annað en heiðarleg áform gagnvart stúlkunni í huga. Í verkinu er notast að miklu leyti við kirkjutóntegundir sem gefur verkinu þjóðlegan blæ og notfærir Edda sér ólíka karaktera tóntegundanna til að ná fram mismunandi áhrifum.

„Margt er það í steininum“
eftir Ólínu Andrésdóttur

Margt er það í steininum sem mennirnir ekki sjá.
Er þar stundum grátið, svo enginn heyra má.

Slegin er þar gullharpa glóandi skær;
glymurinn í strengjunum grætur og hlær.

Sat jeg upp við Svarthamar sumarkveldið eitt.
Hljóður var minn hugur og hjarta mitt þreytt.

Fjórhent var leikið í fjallasala borg:
öðru megin gleði og öðru megin sorg.

Heyrt hafði jeg hljóma þaðan skæran klukknakið,
svana milda söngva og silfurfossa nið.

Litbrigði lífsins með ljósálfum sjást:
Lágu þar í faðmlögum örvænting og ást.

Stundum er þar grátið, já grátið þungt og hátt.
Þar er líka hlegið svo dillandi dátt.

Sá jeg þar í litklæðum ljósálfa fans.
Fagurlega stigu þeir þar dulheima dans.

Sungu þeir um feiknstafa forlög sín öll.
Titraði af grátekka gljúfrabúa höll.

Sungu þeir sín raunaljóð um sálvana líf
og mansöngva milda um mannheima víf.

Mansönginn milda man jeg þaðan einn;
draumfegurst söng mjer hann dökkhærður sveinn.

„Mína sögu á jeg“ mælti hann blítt.
„aldrei hafa mannheima menn á hana hlýtt.

Eitt sinn var jeg ungeyjar ástarlilja rauð;
særðist jeg á svikum og sýndist vera dauð.

En aldrei þínar ástir og engin þín von
deyja, en þú eignast þá dóttur eða son.

Ljeður er þeim líkami, ljettar en strá,
og kraftur, sem komast inn í klettana má.

Þeim er gefin sjón til að sjá um allan heim
og vængir til að svífa um sólkerfa geim.

Gefin er þeim heyrnin og gefið er þeim mál;
eitt er sem þá vantar; ódauðleg sál.

Dýrust er sú perlan, sem dauðinn grandar ei;
hún er geymd í hjarta þínu, mannheima mey.

Gekk jeg oft á götu þína, glóhærða snót;
sástu mig þó aldrei og sintir mjer ei hót.

Signdu mig og kystu mig, fyrst sjerðu mig nú;
eignast vil jeg ást þína og eilífðar trú.

Gefðu þyrstum munni mínum mjúkra kossa skál
eignast jeg með ástum þínum ódauðlega sál“

Kom hann þá og kvaddi mig og kysti mig svo
heitt;
varð jeg í hans armlögum undarlega þreytt.

Kossinn gekk um salinn frá munni til munns,
eins og streymir lækur frá brunni til brunns.

Dýrðlegt var á hörpuna sungið sigurlag;
allir kváðu ljúflingar lofgjörðar brag.

Fjell þá á mig ómegin, svo ekkert vissi meir.
Sæll er hver, er síðast í söngvunum deyr.

Vaknaði jeg af dvalanum við dillandi klið.
Þröstur sat á steini og söng mjer við hlið.

Sat hann upp á Svarthamri; jeg signdi mig hljótt.
Aldrei má jeg gleyma þér, álfheima nótt.

„Margt er það í steininum sem mennirnir ekki sjá.
Er þar stundum grátið, svo enginn heyra má.“



Ólafur Freyr Birkisson bass-barítón nemur söng við Listaháskóla Íslands hjá Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristni Sigmundssyni og Dísellu Lárusdóttur. Áður nam hann við Söngskólann í Reykjavík hjá Agli Árna Pálssyni og Hrönn Þráinsdóttur. Ólafur hefur sótt og sungið á masterklössum hjá Roland Schubert og Stuart Skelton. Ólafur hefur farið með ýmis hlutverk á sviði. Þar má helst

nefna hlutverk Dantes í verðlaunaóperunni Ekkert er sorglegra en manneskjan eftir Friðrik Margrétar-Guðmundsson og Adolf Smára Unnarsson, Vigfús í ævintýraóperunni Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Gísla í nútímaóperunni Raven's Kiss eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson og Tevye í söngleiknum Fiðlarinn á þakinu undir leikstjórn Þórhildar

Þorleifsdóttur og Chantelle Carey. Ólafur hefur komið fram sem einsöngvari með Kór Langholtskirkju, þ.á.m. í Requiem eftir Fauré og í mars 2021 söng hann hlutverk Pílatúsar í flutningi kórsins á Jóhannespassíu J.S. Bach undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Þá var Ólafur flytjandi á kammer-tónlistahátíðinni Seiglu sem haldin var í Hörpu á Vegum Schumann-félagsins, sumarið 2022.



Ragnheiður Petra Óladóttir hóf söngnám árið 2015 hjá Helgu Rós Indriðadóttur í Tónlistarskóla Skagafjarðar. Árin 2016 og 2017 söng hún iðulega einsöng með kvennakórnum Söldísi í Skagafirði. Hún hélt suður á bóginn árið 2018 og nam hjá Sigrúnu Hjálmtýsdóttur í Söngskóla Sigurðar Demetz til ársins 2021. Þar tók hún þátt í nokkrum óperusýningum, söng

meðal annars hlutverk Suorellu infermieru í Suor Angelica eftir Puccini, Madame Herz í Der Schauspieldirektor eftir Mozart og Anninu í Eine Nacht in Venedig eftir Johann Strauss. Ragnheiður Petra stundar núna nám í Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristins Sigmundssonar og Dísellu Lárusdóttur.

Franz Joseph Haydn (1732-1809) er gjarnan talinn höfuðtónskáld klassíska tímabilsins í Vín. Hvort tveggja var að hann var mjög afkastamikill og varð langlífur. Hann var einnig frumlegur í tónsmíðum sínum og innleiddi nýjungar sem síðan festust í sessi. Nafngiftir eins og „faðir sinfóníunnar“ og „faðir strengjakvartettsins“ eiga fyllilega við. Hann samdi ekki færri en 104 sinfóníur og meira en 70 kvartetta. Auk þess samdi hann 14 messur, 16 óperur, meira en 60 píanósónötur, marga einleikskonserta fyrir ýmis hljóðfæri og margt fleira. Hin miklu áhrif, sem hann hafði á samtímamenn sína og nemendur, má vafalaust að nokkru rekja til skaplyndis hans. Þeir litu á hann sem óumdeildan andlegan föður sinn. Haydn ferðaðist einnig talsvert, fór meðal annars í frægar ferðir til Englands þar sem hann naut fádæma vinsælda. Lengst af ævi sinnar þjónaði Haydn Eszterházy-fjölskyldunni á setri hennar sem var ekki í alfaraleið. Sjálfur notaði hann þetta sem heimatilbúna skýringu á andagift sinni, að hann hefði neyðst til að vera frumlegur.

Sinfóníur Haydns hafa margar fengið eins konar gælunafn. Þær urðu vinsælar og áheyrendum þótti viðkunnanlegra að greina þær í sundur með nafni frekar en þurru númeri. Sú númer 49, sem samin var 1768 og hér verður flutt, fékk

snemma gælunafnið „La Passione”. Ekki er almenn skoðun á því hvernig beri að skilja nafnið eða hvernig það er til komið. Sumir benda á þungt yfirbragð verksins, það er í döprum f-moll og gæti átt við dymbilvikuna og þjáníngar frelsarans. Aðrir túlka passione sem ástríðu og benda á að hægu kaflarnir séu óvenju hægir og hröðu kaflarnir hraðir og ástríðufullir. Svo eru efasemdarmennirnir sem telja að nafnið gæti verið auglýsingabrella. Flytja átti sinfóníuna í Schwerin í dymbilvikunni en þar var á tímabili bannað að flytja veraldlega tónlist í þeirri viku. Nafnið muni hafa átt að gefa sinfóníunni trúarlegt yfirbragð og þannig að komast framhá reglum.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hugðist því halda upp á 30 ára afmæli sitt með veglegum tónleikum í Hörpu haustið 2020. Af því varð þó ekki af alkunnum ástæðum. Starfseminni var samt haldið áfram í gegnum faraldursárin en með minni krafti en ella. Nú er hún mætt til leiks af fullum krafti og verður starfsárið með litríkara móti.

Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns en alls hafa vel á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit.

Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu 17 árin er Oliver Kentish. Hann fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Oliver hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.

Frekari upplýsingar um starf hljómsveitarinnar má finna á vefsíðu hennar:
<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiöla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

Jónína Thorarensen

Vera Steinsen

Jelena Kuszminova

Úlfhildur Ösp Indriðadóttir

Védís Guðmundsdóttir

2. fiöla

Drífa Örvarsdóttir

Ágústa Jónsdóttir

Hólmfríður Þorvaldsdóttir

Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

Helga Andrésdóttir

Hjördís Ólafsdóttir

Víóla

Páll E. Ingvarsson

Sigita Siciuniene

Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Selló

Valdís G. Gregory

Yana Prykhodko

Páll Einarsson

Kontrabassi

Kjartan Guðnason

Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir

Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson

Andreas Guðmundsson Gähwiler

Klarinett

Jose Boaventura

Atli Mar Baldursson

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson

Kjartan Ólafsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson

Jón Hafsteinn Guðmundsson

Básúna

Ingibjörg Guðlaugsdóttir

Pákur og slagverk

Eggert Pálsson

Örvar Erling Árnason

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða haldnir í Seltjarnarneskirkju laugardaginn 26. nóvember klukkan 16. Þá verða fluttir kaflar úr einleikskonsertum eftir Bach, Beriot, Mozart og Haydn. Einleikarar verða nemendur sem unnu til verðlauna á Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna í vor, Þordís Emilía Aronsdóttir, Emilía Rut Kristjánsdóttir, Haraldur Áss Liljuson, Margrét Lára Jónsdóttir og Vasyl Zaviriuka.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.